

Nd.

434. Breytingartillögur

[138. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnfræðsluskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn, nema fulltrúa nemenda til tveggja. Skulu þrír skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkvæmt tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis. Einn kjósa nemendur skólans samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Standi eitt sveitarfélag að skóla, skipar sveitarstjórn þrjá skólanefndarmenn.

Að minnsta kosti tveir þeirra, sem bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir.

2. Við 5. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Menntamálaráðuneytið getur veitt heimild til þess, að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggi fyrir:

A) Umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags.

B) Umsögn iðnfræðsluráðs.

C) Umsögn meistara og vottorð um, að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandi prófið, öðlast hann sveinsbréf, sem veitir ekki réttindi til meistarabréfs síðar.

*) Starfar samkvæmt sérstakri undanþágu þessi skólaár.